

Bolungarvík 16.07 2024

Greinargerð vegna útgáfu á starfsleyfis fyrir starfstöð Arctic Oddi Bolungarvík vegna kæru Umhverfisstofnunar til úrskurðar ráðherra.

Jafnræðisregla stjórnarsýsluréttar er lögfest með 11. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993: „Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis hefur gefið út tvö starfsleyfi vegna slátrunar og pökkunar á laxi. Annars vegar vegna Arnarlax ehf á Bíldudal og hinsvegar Arctic Oddi Drimla í Bolungarvík, bæði með vísan í starfsleyfisskilyrði fyrir fiskvinnslur. Starfsleyfi fyrir Arnarlax var gefið var út fyrst 2015 þegar lítil sem engin vinnsla var til staðar. Sótt var um breytingu á starfsleyfi þann 28. maí 2020. Fyrirtækið Artic Protein ehf fékk starfsleyfi í desember 2019 þeir taka við fráveitu frá Arnarlaxi með vatnshreinsibúnaði og meltutönkum. Arctic Oddi hf Drimla laxavinnsla kt 4103005080 sótti um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar í febrúar 2023. Bæði starfsleyfin fyrir Arnarlax ehf og Drimlu í Bolungarvík voru auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlits Vestfjarða en engar athugasemdir bárust. Útgáfa starfsleyfis fyrir Drimlu miðaði við að starfsleyfi væri til staðar er vinnsla hæfist í júní. Áður en sótt er formlega um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða voru aðilar í samskiptum við heilbrigðiseftirlitið varðandi hvaða kröfur væru gerðar til fyrirtækisins. Starfsleyfi Arnarlax var notað sem fyrirmynd fyrir útgáfu á starfsleyfi fyrir Drimlu.

Á 104 fundi heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis þann 11.12 2015 samþykkti heilbrigðisnefnd starfsleyfi fyrir Arnarlax (fylgiskjal 1)
580310-0600 Arnarlax hf Bíldudalur Slátrun og pökkun á laxi starfsleyfi gefið út.

Á 128 fundi heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis þann 28.maí 2020 er samþykkt breyting á starfsleyfi Arnarlax: Arnarlax hf 580310-0600 Strandgata 1, 465 Bíldudal breyting á starfsleyfi úr 10.000 tonna yfir í 30.000 tonna vinnslu, Fiskvinnsla stór (fylgiskjal 2) þessi breyting er auglýst á heimasíðu eftirlitsins hevf.is.
Engar athugasemdir bárust.

Á 125 fundi heilbrigðisnefndar 5. desember 2019 Arctic protein ehf fær starfsleyfi fyrir vatnshreinsun og meltuframleiðslu (fylgiskjal 3)

Á 143 fundi heilbrigðisnefndar 3.maí 2023 er tekið fyrir umsókn um starfsleyfi frá 23. febrúar fyrir Drimlu laxavinnslu að Brimbrjótsgötu 12, Bolungarvík Sett í auglýsingu og kynningu, engar athugasemdir bárust. (fylgiskjal 4)

Á 144 fundi heilbrigðisnefndar 7. september 2023 lagt fram útgefið starfsleyfi fyrir Drimlu (fylgiskjal 5) (fylgiskjal 6) umsókn um starfsleyfi febrúar 2023

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi